

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/385/EB frá 30. apríl 2009 sem koma til viðbótar við tilmæli 2004/913/EB og 2005/162/EB að því er varðar fyrirkomulag á starfskjörum stjórnenda í skráðum félögum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 15. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/162/EB) í XXII. viðauka við samninginn:

„15a. **32009 H 0385**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/385/EB frá 30. apríl 2009 sem koma til viðbótar við tilmæli 2004/913/EB og 2005/162/EB að því er varðar fyrirkomulag á starfskjörum stjórnenda í skráðum félögum (Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2009/385/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 28.

(*) **Stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.